

Múlaping  
Lyngáasi 12, 700 Egilsstöðum  
b.t. Sóleyjar Valdimarsdóttur verkefnisstj. skipulagsmála  
sent inn í skipulagsgátt

Selfossi, 19. desember 2023

Efni: **Frístundabyggð við Eiða. Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag. Mnr. 902/2023 og 903/2023**

Múlaping óskaði eftir umsögn Skógræktarinnar um málin. Umsagnarfrestur var til 19. desember 2023. Skógræktin hefur kynnt sér tillögurnar, og óskar eftir að koma nokkrum ábendingum á framfæri.

1. Betur færi á því að uppdráttur af deiliskipulagi væri sýndur ofan á loftmynd. Þannig væri hægt að gera sér betur grein fyrir hvar lóðir eru og hvaða skógur, votlendi og náttúru verður á almannasvæði og hver ekki. Mynd á bls. 9 í greinargerð með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 (Mörk reits F90 gróflega dregin ofan á skámynd frá LOGG ehf) gefur hugmynd um hvernig skipulaginu er háttað miðað við skóginn (og t.d. votlendi) en er ekki eins skýr og rétt vörpuð loftmynd.

2. Birkiskógurinn við Eiða fellur að mati Skógræktarinnar ekki undir ákvæði b-liðar 1. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, og nýtur þannig ekki sérstakrar verndar á grunni þeirrar greinar. Þó hefur birkiskógurinn vissulega hátt verndargildi sem vistgerð, og til mikils að vinna að stuðla að verndun hans.

3. Í kafla 1.5.5 um nýtingu og skóg (bls. 6) í greinargerð með deiliskipulagstillögu er rætt um birkikjarr, birkiskóga og ræktaða skóga. Þar er vísað í skóglendisvefsjá Skógræktarinnar<sup>1</sup>, sem er ágætis vísbending um ætlaða hæð og gerð skóga. Það er rétt að hnykkja á því að *skógur* telst vera þar sem sýnt þykir að trén nái 2 m hæð fullvaxin, en þar sem ætla má að trén nái ekki þeirri hæð teljist vera *kjarr*. Skv. skóglendisvefsjanni er langmestur skógurinn ungur og ekki fullvaxinn, og nú þegar yfir 2 m á hæð, og getur því ekki talist kjarr, heldur skógur, í skilningi laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

3. Á bls. 10 í greinargerð með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 er rætt um að við skipulagsbreytinguna muni aðgengi að náttúru ásanna batna. Það er enda í anda náttúruverndarlaga um aðgengi almennings. Það er og eitt af markmiðum laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 „að auðvelda aðgengi fólks að skógum til útivistar [...]“

Lóðirnar á skipulagssvæðinu eru samtals 50, og hver um sig að meðaltali rétt rúmlega 0,54 hektarar, samtals rúmlega 27 ha af 65 ha svæði sem eru undir aðalskipulagsbreytingartillögunni. Í lið 3.2.6. um skilmála um frágang lóða og girðinga (bls. 10 í greinargerð með deiliskipulagstillögu) segir að „[e]fnisval og útlit girðinga skuli samræmt, þær [skuli] vera snyrtilegar og þeim vel við haldið.“ Hér er rétt að velja því upp hvort það merki að girða megi af hverja lóð fyrir sig, eftir því sem umráðamanni hvernar lóðar sýnist, og þannig girða af fyrir umferð allt að því 27 hektara af skóginum. Það væri ef til vill eðlilegt að kveðið sé á um það í skilmálum að ekki megi girða lóðir algerlega af fyrir gangandi umferð. Benda má á að í flestum sumarhúsabyggðum í birkiskógum, t.d. í Húsafelli í Hálsasveit, eru engar girðingar á lóðamörkum, og það tekið fram í skilmálum. Stærð lóðanna felst þá fremur í að meira val verður um byggingarstæði, og lengra er á milli frístundahúsa, en að hægt sé að girða af hálfan hektara fyrir allri umferð annarra.

<sup>1</sup> <https://www.skogur.is/is/rannsoknir/skogar-i-tolum/skoglendisvefsja>

4. Eitt af markmiðum laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 „að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra“. Í sömu lögum er einnig 19. gr., sem fjallar um sk. varanlega eyðingu skóga.

Fjallað er um það á bls. 10 í greinagerð með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, hve mikill gróður (og skógur) megi búast við að fari forgörðum við framkvæmdir, og slegið á 6 ha. Skógræktin bendir á að ef svo fer að ryðja þurfi einhverju af skóginum burt, þá fellur það undir 19. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019, þar sem segir að *varanleg eyðing skóga* sé óheimil nema til komi mótvægisáðgerðir, og að framkvæmdaleyfi sé háð því að Skógræktin samþykki eyðinguna og mótvægisáðgerðirnar. Mótvægisáðgerðir eru á höndum framkvæmdaraðila, og fela þær almennt í sér að komið sé upp sambærilegum skógi á sambærilega stóru svæði, og skuli áðgerðir hefjast eigi síðar en tveimur árum eftir eyðingu skógarins.

Einnig þarf þá að skila inn gögnum um skógareyðingu til Skógræktarinnar á þar til gerðu eyðublaði, *Gagnaöflun um eyðingu skógar*<sup>2</sup>, skv. 3. og 4. mgr. 19. gr. sömu laga.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.

Virðingarfyllt, f.h. Skógræktarinnar,



Páll Sigurdsson, skipulagsfulltrúi

[pall.sigurdsson@skogur.is](mailto:pall.sigurdsson@skogur.is)

Austurvegi 3, 800 Selfossi, gsm. 849-2912

---

<sup>2</sup> <https://www.skogur.is/static/files/2023/gagnaoflun-um-varanlega-eydingu-skogar-eydublad-2023.pdf>



## Móttakandi

Múlaþing

Sóley Valdimarsdóttir

[soley.valdimarsdottir@mulathing.is](mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)

## Efni: Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs, frístundabyggð við Eiða

Vísað er til erindis dagsett þann 20. nóvember þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við framlagt aðalskipulag en bendir á að vegir Vegagerðinnar að fyrirhuguðu uppbyggingar svæði gætu sætt takmörkunum er stærð og þyngd ökutækja varðar því verður að sækja sérstaklega um umferð slíka ökutækja, á það sérstaklega við um Fljótsbakkaveg.

Síða 1/1

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar

Jón Valgeir Sveinsson

Deildarstjóri

Tæknideild Austursvæðis

**Vegagerðin**

Suðurláun 3

210 Garðabæ

+354 522 1000

vegagerdin

@vegagerdin.is



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Austurlands  
Bakka 1 765 Djúpavogi

Múlaþing  
Lyngás 12  
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 19. desember 2023  
MÍ202311-0150/ 6.08 / Þ.E.H.

## Efni: Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028 - vinnslutillaga breyting Eiðar

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi sveitarfélagsins Múlaþings í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um vinnslutillögu á breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 í landi Eiða (mál nr. 902/2023). Hægt var að hlaða niður breytingartillögunni en hún er dags. 13. nóvember 2023.

Landeigandi jarðarinnar hefur í hyggju að afmarka á svæðinu lóðir fyrir frístundahús til einkanota á milli byggðakjarnans á Eiðum og Lagarfljótsins, sunnan Eiðavatns. Stór hluti jarðarinnar er skilgreindur í aðalskipulagi sem opið svæði til sérstakra nota með auðkennið O22 og er ætlað til útiveru og náttúruskoðunar. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni er verið að vinna að deiliskipulagi.

Breytingin á gildandi aðalskipulagi felur í sér að breyting verður gerð á sveitarfélagsinuppdrætti B með þeim hætti að bætt er við nýjum reit, F90, á svæði þar sem fyrir er auðkennið O22. Reitur F90 nær örlítið út fyrir sveitarfélagsuppdrátt B og inn á sveitarfélagsuppdrátt A. Vegna fyrirhugaðar efnistöku í landi Fljótsbakka bætist við efnistökurreit E180. Breyting í greinargerð aðalskipulagsins verða vegna efnistöku í töflu í kafla 9.10 þar sem gert er grein fyrir nýrri námu E180 og vegna frístundabyggðar bætist lína við töfluna í kafla 9.8.

Í kafla um umhverfismat kemur fram að unnið sé að fornleifaskráningu á svæðinu. Ekki er tekið fyrir áhrif breytingarinnar á menningarminjar.

### Athugasemdir Minjastofnunar Íslands:

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Eins og kemur fram í greinargerðinni er unnið að skráningu fornleifa á svæðinu en rétt er að vekja athygli á því að sú skráning nær ekki yfir fyrirhugað efnistökusvæði við Fljótsbakka. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hús og mannvirki innan svæðisins séu slík innan þess.

*Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 eins og hún hefur verið kynnt*

**Puríður Elísa  
Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands  
thuridur@minjastofnun.is

fyrir stofnuninni. Vakin er athygli á því að ekki liggur fyrir staðfest skráning fornleifa, húsa og mannvirkja en þeirra telst ekki lokið fyrr en skráningin hefur hlotið staðfesting Minjastofnunar Íslands sbr. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Skráning fornleifa sem er í vinnslu vegna deiliskipulagsgerðar svæðisins nær ekki til efnistökusvæðis í landi Fljótsbakka.

Minjastofnun Íslands vekur athygli á umsögn stofnunarinnar um vinnslutillögu deiliskipulags svæðisins (mál nr. 903/2023 í Skipulagsgátt). Rétt er að minna á að allar frekari deiliskipulagstillögur, breytingar á deiliskipulagi og/eða framkvæmdarleyfi þurfa að koma til umsagnar hjá stofnuninni.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllt,



Þuríður Elísa Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands

**Vegna:** Máls nr. 0902/2023, Frístundabyggð við Eiða (Kynning tillögu á vinnslustigi)

**Athugasemd:**

ÞAÐ EYÐIST SEM AF ER TEKIÐ Að reisa 50 frístundahús í þessu friðaða villta svæði finnst mér ansi glannalegt svo ekki meira sé sagt. Þetta svæði hefur notið friðunar í áratugi og því hefur íslenskur villtur gróður dafnað vel þarna sem og fjölskrúðugt fuglalíf. Það má ekki endalaust ganga á þessi villtu friðuðu svæði sem eru dýrmæt eins og þau eru, bæði gróðurfarslega séð sem og dýra- og fuglalíf. 50 hús með tilheyrandi lóðum, vegum, lögnum o.s.frv. munu hafa veruleg áhrif á gróður sem og umferð fólks á dýra- og fuglalíf. Það er ekki offramboð á friðuðum villtum svæðum hér um slóðir og því þarf að stíga varlega til jarðar með tilliti til gróðurs, dýra- og fuglalífs en ekki síður fyrir þau okkur sem kunnum að meta lítt spillt svæði en þeim fer býsna hratt fækkandi m.a. með iðnaðarskógrækt sem er í veldisvexti þessi misserin. Hví ekki setja villta náttúru í öndvegi til tilbreytingar og setja kapitalismann á ís ?

**Höfundur:** Guðmundur Hjalti Stefánsson/poldinn@gmail.com

**Sent inn þann:** 18.12.2023

Múlaping  
Sóley Valdimarsdóttir,  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 24. nóvember 2023  
UST202311-215/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 og nýtt deiliskipulag - Frístundabyggð við Eiða**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 22. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 og nýju deiliskipulagi vegna frístundabyggðar við Eiða.

Í greinargerð kemur fram stór hluti jarðarinnar er skilgreindur í aðalskipulagi sem opið svæði til sérstakra nota með auðkenni O22, ætlað til útiveru og náttúruskoðunar. Landeigandi á Eiðum hefur í hyggju að afmarka þar um 50 lóðir fyrir frístundahús til einkanota (F90). Svæðið er 65 ha. Auk þess er skilgreint 30.000 m<sup>3</sup> efnistökusvæði á 16 ha. svæði.

#### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að talsverður hluti skipulagssvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að fjalla um votlendið og ákvæði laganna í greinargerð deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingarinnar.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Að mati Umhverfisstofnunar mun skipulagstillagan (byggingar, vegir, hreinsivirki o.s.frv.) valda raski á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það. Einnig getur vegagerð valdið fyrirstöðu og þurrkáhreifum.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendinu en eins og tillagan er sett fram virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun.

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdasvæðið sé afmarkað m.t.t. votlendisins og valin svæði sem munu ekki raska votlendi.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

### Skógrækt

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að innan skipulagssvæðisins vex birkiskógur. Skógurinn er frekar ungur, en skógurinn getur verið vistfræðilega mikilvægur.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Skilgreining á birkiskógi er að trén sem skógurinn samanstendur af sé að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.

<https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplýsingar>

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

### Loftslagsmál og líffræðilegur fjölbreytileiki

Umhverfisstofnun vill benda á aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að uppfærð útgáfa kom út í júní 2020 og er áætlun um aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030.

Ein aðgerðin í aðgerðaáætluninni er vernd votlendis og endurheimt votlendis.

### Líffræðilegur fjölbreytileiki

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætluninni. Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2022/12/12/Radstefna-adildarrikja-Sameinudu-thjodanna-um-liffraedilega-fjolbreytni-i-Montreal-i-Kanada/>



Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.<sup>23</sup>

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

*sérfræðingur*

Rakel Sæmundsdóttir

*sérfræðingur*

---

<sup>2</sup> <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjolbreytni-til-framtidar>

<sup>3</sup> <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2023/11/13/Liffraedilegum-fjolbreytileika-hrakar-i-Nordastur-Atlantshafi/>



Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Múlaþing, 8. desember 2023  
númer erindis 202207050-09.2.2

Á fundi heimastjórnar Fljótsdalshéraðs 8.12.2023., var tekið fyrir neðangreint erindi.

### **Aðalskipulagsbreyting, Eiðar, frístundasvæði**

Á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings 20.11. 2023: Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fyrirbyggjandi skipulagstillaga verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sérstaklega skuli óskað eftir umsögn heimastjórnar Fljótsdalshéraðs sem náttúruverndarnefnd

### **Umsögn heimastjórnar Fljótsdalshéraðs samþykkt 8. desember 2023:**

Fyrir liggur til umsagnar heimastjórnar Fljótsdalshéraðs sem náttúruverndarnefndar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, til kynningar á vinnslustigi, vegna frístundabyggðar við Eiðar.

Svæðið sem um ræðir hefur Náttúrufræðistofnun Íslands tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár, Úthérað, vegna vistgerða á landi, fugla og sela. Þá eru votlendisflákar innan skipulagssvæðisins sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er núverandi landnotkun skilgreind opið svæði til sérstakra nota ætlað til útiveru og náttúruskoðunar. Fyrirhuguð breyting felur í sér að 65 ha. landsvæði verði skilgreint fyrir frístundabyggð þar sem landeigandi hefur í hyggju að afmarka 50 lóðir.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs fagnar því að áform um frístundabyggð á svæðinu hafi verið minnkuð úr um 160 lóða byggð í um 50 og úr 204 ha í um 65 ha svæði, frá því upphafleg áform voru kynnt í ársbyrjun 2023.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs gerir ekki athugasemdir við tillöguna að öðru leyti en því að gerð verði nánari grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna áhrifa framkvæmda á umhverfi og náttúruferum. Heimastjórn vísar að öðru leyti til umsagnar sinnar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð við Eiðar.

Ofangreind afgreiðsla heimastjórnar Fljótsdalshéraðs tilkynnist hér með.



Virðingarfyllt,  
fyrir hönd heimastjórnar Fljóttsdalshéraðs

---

Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri

Múlaþing  
Lyngási 12,  
700 Egilsstaðir

Garðabær, 19. desember 2023  
Málsnúmer: 202311-0048  
BK

## Efni: Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag vegna frístundabyggðar við Eiða

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 21. nóvember 2023, þar sem Múlaþing óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu vegna breytingar á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags fyrir frístundabyggð við Eiða.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsögn, dags. 17. febrúar 2023, um skipulags- og matslýsingu fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Fljótaldshéraðs 2008-2028 vegna sömu áforma. Í umsögninni kom fram að skipulagssvæðið einkennist af verðmætum vistgerðum og ríku fuglalífi og er innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi, fugla og sela (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/uttherad>). Í náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar má sjá að svæðið er hluti af Eiðagriðlandi sem einkennist af fjölbreyttu landslagi, vötnum, tjörnum, blám, skóglendi o.fl. Þá eru votlendisflákar innan skipulagssvæðisins sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í ljósi ofangreindra náttúruverðmæta, gerði Náttúrufræðistofnun athugasemdir við umfang skipulagsins, sem í upphafi fól í sér tífoldun frístundahúsa á svæðinu, en vinnslutillagan sem nú er lögð fram felur í sér um þriðjung af áður kynntum áformum. Fram kemur í tillögunni að ákvarðanir um frekari uppbyggingu verða teknar í tengslum við heildarendurskoðun aðalskipulags sem nýlega er hafin.

Jákvætt er að verulega hafi verið dregið úr umfangi fyrirhugaðrar frístundabyggðar, þó að núverandi áformum muni óhjákvæmilega fylgja töluvert rask og uppbrot, meðal annars er fyrirhuguð veglagning um votlendi sem fellur undir áður nefnda 61. grein náttúruverndarlaganna. Til að draga úr neikvæðum áhrifum mætti endurskoða staðsetningu fjögurra lóða sem fyrirhugaðar eru suður af Eiðavatni ásamt tilheyrandi vegtengingum. Hafa ber í huga að 50 m fjarlægð mannvirkja frá vatnsbakka er ekki nægileg til þess að tryggja viðunandi fuglavernd og ætti að miða við 100 metra. Kanna þarf útbreiðslu eggtvíblöðku, friðaðrar plöntutegundar sem er skráð í Eiðahólma og gæti vaxið víðar innan fyrirhugaðs frístundasvæðis. Þá væri æskilegt að ekki fari fram frekari gróðursetning framandi trjáplantna innan svæðisins.

Að lokum vill Náttúrufræðistofnun hvetja sveitarfélagið til að beita sér fyrir verndun sambærilegs svæðis á Úthéraði, þ.e. svæðis sem einkennist af fjölbreyttri og lítt raskaðri mósaík vatna, votlendis og klapparása, og mætti líta til áður nefndrar náttúrumæraskrár í því sambandi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.



Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur, svið náttúruverndar

